

**Nd.** **465. Breytingartillögur** [196. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá Kristínu Halldórsdóttur, Málmfríði Sigurðardóttur,  
Þórhildi Þorleifsdóttur og Kristínu Einarsdóttur.

1. Við 3. gr.

a. Við A-lið bætist nýr töluliður er hljóði svo:

Vörur sem um ræðir í I. til IV. flokki viðauka I í tollalögum (tollskrá) og ætlaðar eru til mannelis. Undanþága samkvæmt þessum tölulið tekur þó ekki til hreinna eða blandaðra grænmetis- og ávaxtasafa eða tilreiddra efna til slíkrar drykkjarvöru-gerðar, sælgætis, öls, gosdrykkja eða annarra vara sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum um vörugjald, sbr. reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim lögum. Undanþágan nær ekki heldur til tóbaks, drykkjarvara sem í er áfengi, tilbúinna efna til öl- eða víngerðar, poppkorns eða annars sælgætis þótt það sé ekki gjaldskylt samkvæmt lögum um vörugjald. Undanþága þessi nær ekki til sölu veitingahúsa, greiðasölustaða eða annarra á tilbúnum mat.

b. 14. tölul. B-liðar orðist svo:

Aðgangseyrir að íþróttasýningum, íþróttamótum, sundstöðum, heilsuræktarstöðvum og skíðalyftum.

2. Við 4. gr. Á undan orðinu „loðdýrarækt“ í 13. tölul. komi: garðyrkju.